

## Dagar til að taka frá

Ekki missa af

Almenni leggur sig fram um að gefa sjóðfélögum kost á upplýsandi fundum og kynningum um lífeyrismál og séreignarsparnað. Hér að neðan eru nokkrar dagsetningar til að taka frá. Fundirnir verða auglýstir nánar þegar nær dregur.

### Lífið á efstu hæð - 14. mars

Fjallað verður um hvernig heppilegt er að undirbúa fjármál við starfslok.

### Ársfundur 2019 - 11. apríl

Ársfundur Almenna verður haldinn fimmtudaginn 11. apríl á Hótel Natura.

### Sjóðfélagavefurinn - 2. maí

Örnámskeið/upplýsingafundur um sjóðfélagavefinn og hvernig hann virkar.



## Ávöxtun 2018

Skin og skúrir en hressileg demba í árslok

Allar ávöxtunarleiðir skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu 2018. Ríkissafn langt hækkaði mest eða um 7%. Lækkun á erlendum mörkuðum og styrking krónunnar í lok árs dró úr ávöxtun blandaðra safna sem hækkuðu um 4,7% til 5,6% árinu. Nánari upplýsingar um ávöxtun er að finna á [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

## Tilgreind séreign

Fyrir þá sem greiða skylduiðgjald til annarra

Peir sem greiða 15,5% í lífeyrissjóð geta valið að greiða 3,5% í tilgreinda séreign til Almenna. Nánari upplýsingar er að finna á vef Almenna, [www.almenni.is](http://www.almenni.is).



## BERÐU LAUNASEÐLA SAMAN VIÐ YFIRLIT

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir hreyfingar frá 1. júlí til 31. desember 2018 og upplýsingar um lífeyrisréttindi og inneign í lok tímabilsins. Það er góð regla að bera saman launaseðla og yfirlit til að athuga hvort iðgjaldagreiðslur

á launaseðlum hafi skilað sér til lífeyrissjóðsins. Vanti innborganir hafðu þá samband við ráðgjafa í síma 510-2500 eða með því að senda tölvupóst á netfangið [almenni@almenni.is](mailto:almenni@almenni.is).

# Frábært á Framadögum

## Almenni kynnti starfsemi sína

Almenni tók í annað sinn þátt í Framadögum AIESEC þann 24. janúar síðastliðinn í húsnæði Háskólans í Reykjavík. Markmið Framadaga er að leiða saman háskólanema og fyrirtæki og gefa þeim tækifæri til að kynnst með möguleg sumarstörf, framtíðarstörf, viðskipti eða verkefnavinnu í huga. Almenni lífeyrissjóðurinn hentar vel fyrir ungt háskóla fólk sem getur valið sér lífeyrissjóð. Lífeyrisréttindi eru hagstæð og sjóðfélagar geta valið á milli sjóð ávöxtunarleiða fyrir séreignarsparnað.



## Sjóðfélagavefur

### Uppfærð og myndræn yfirsýn

Sjóðfélagavefur Almenna hefur að geyma hafsjó af upplýsingum sem settar eru fram á myndrænan og skiljanlegan hátt. Vefurinn bætir yfirsýn sjóðfélaga yfir lífeyrismál sín en auk þess er hægt að nýta sér gagnvirkar reiknivélar m.a. til að reikna út væntanleg eftirlaun miðað við eigin forsendur.

Með rafrænum skilríkjum er að auki hægt að framkvæma aðgerðir, t.d. að breyta um ávöxtunarleið, sækja um lífeyri og gera samning um viðbótarlífeyrissparnað. Haldið verður námskeið í notkun sjóðfélagavefsins þann 2. maí nk.

Eignasamsetning 06.02.2019

Yfirlit

Ávöxtunarteiðir

Eignasamsetning

	ÆVISAFN I	ÆVISAFN II	Samtals
Innlendar	2,5	61,3	63,8
Erlendar	2,5	33,7	36,2
<b>Samtals</b>			<b>100,0</b>



Skipting safna

	ÆVISAFN I	ÆVISAFN II	
Innlán	0,1	0,9	0,9
Innl. skuldabréf	1,9	51,5	53,3
Innl. hlutabréf	0,6	8,9	9,5
Erlend verðbréf	2,3	31,5	33,9
Erlend skuldabréf	0,2	2,2	2,4
<b>Samtals</b>	<b>5,0</b>	<b>95,0</b>	<b>100,0</b>



## Verið velkomin

### Nýttu þér góða þjónustu

Skrifstofa Almenna er á 5. hæð í Borgartúni 25, en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9:00 til 16:00. Símanúmer og netfang sjóðsins er að finna hér fyrir neðan.

Heimasíða sjóðsins [www.almenni.is](http://www.almenni.is) er alltaf opin en þar er að finna gagnlegar upplýsingar um lífeyrismál, fræðslugreinar og fréttir. Auk þess er hægt að nýta sér netráðgjafa, netspjall, senda fyrirspurnir á ráðgjafa eða panta viðtal.

